

Séra Eggert Pálsson

Líkræða

*Jón Brandsson, fyrrv. bóndi frá Fíflholti
f. 27. september 1828
d. 8. júní 1896*

"Einn vegur öllum greiðir
inngang í heimsins rann.
Margbreyttar lízt mér leiðir,
liggi þó út þaðan."

Hversu sönn og rétt eru þessi orð eins og svo margt annað hjá hinum andríka höfundi þeirra. Allir komum vjer á sama hátt inn í þennan heim, allir komum vér eins og raunamaðurinn Job sagði um sig, naktir frá móðurlífi; allir erum vér þá algjörlega ósjálfbjarga í andlegu og líkamlegu tilliti og þörfnumst þess, að kærleiksrík hönd hjúkri að oss og hlynni að oss, ef líf vort á eigi strax að kulna út. Og þessa kærleiksríku hjúkrunarhönd réttir hinn algóði og alvitri guð að oss, annað hvort og oftast þá í góðri og göfugri móður, eður þá öðrum, sem hans vakandi föðurauga útvelur, annað hvort af huldum eða opinberum ástæðum til þess að veita oss hina nauðsynlegu aðhjúkrun og aðhlynningu. - En það má segja, að líf vort hér sé eigi annað en að koma og fara, því jafnskjótt og vér höfum séð þessa heims ljós, jafnskjótt förum vér að feta þann feril, sem liggur til dauðans. Þess vegna getur sérhver maður sagt hið sama og Páll postuli sagði: "Daglega dey ég, daglega á dauðans undirbúningur sér stað hjá mér og daglega þokast ég nær því augnabliki, þá er hinn algjóri viðskilnaður á sér stað."

En þessi ferill, þessi leið til dauðans, hversu margbreytileg er hún eigi. Fyrir sumum liggur hún að því er virðist gegnum gleði og glaðværðir, hjá öðrum gegnum reynslu og raunir. Af sumum er hún farin í gázka og gáleysi, af öðrum með alvöru og gætni. Að vísu erum vér mennirnir eigi færir um að dæma um það, hver gengur sína lífsleið svo og svo, því til þess erum vér of sljóskyggirnir, of fáfróðir. En eitt er víst, að eigi ganga hana allir eins, eigi allir jafn glaðir í sálu og í sinni, eigi allir með jafnmikilli varfærni og nærgætni. En guði heyrir flokkaskipunin til, hann einn veit fullkomlega, hverja leið hver einn heldur, hann einn veit, hver ferðamaður leysir ferðina illa og hver vel af hendi.

En það er eigi aðeins, að sjálf lífsleið mannanna í heiminum sýnist vera misjöfn, heldur líka sjálft síðasta sporið úr honum. Sjálfan dauðann, sjálfa burtförina úr heiminum ber að með margvíslegu móti, svo að þar á við og

eigi hvað sízt þetta sem skáldið segir: "Margbreyttar lízt mér leiðir liggi þó út þaðan." Sumir deyja rólegum og sem vér köllum eðlilegum dauðdaga, aðrir hastarlegum og óeðlilegum. Eitt slíkt tilfelli upp á hastarlegan og óeðlilegan dauðdaga hljótum vér allir að hafa í huga, er vér stöndum við líkbörur þessa manns, því dauða hans gat tæplega borið að á sviplegrí og óeðlilegrí hátt. Um líf þessa manns undanfarið, um það hvernig hann hafði gengið lífsleið sína er ég ekki fær um að dæma, þar eð hann var mér með öllu ókunnugur, hafði aðeins dvalið tvö ár í þessu prestakalli og þau tvö ár hafði ég engin kynni af honum, svo að ef ég vildi um það dæma, þá hlyti sá dómur að vera algjörlega eftir annarra sögusögn. En þegar margir dæma, þá verða dómarnir misjafnir og samt sem áður máske enginn þeirra réttur. Ég get því eigi neitað, að ég hef heyrt margan óálitlegan dóminn felldan um þennan mann og að því er virðist með allmiklum rökum, því líf hans virtist fyrir allra augum bera þess vott, að hann væri mjög breizkleikanum háður. En ég get heldur eigi neitað því, að ég hef heyrt honum margt gott lagt til af mönnum, er kynni höfðu af honum, en stóðu eigi í neinum venzlum eða persónulegu sambandi við hann, svo að á orð þeirra virðist mega trúnað leggja. Og þess vegna er ég eigi fær um og það er enginn af oss fær um að dæma um það, hvort meira hafi mátt sín í lífi hans, frá mannlegu sjónarmiði talað, syndir og lestir eða dyggðir og mannkostir. En það er um síðustu afdrif hans, er bæði ég og allir vér þekfum, sem ætla mætti að ég bæði væri fær um og vildi dæma um.

Ég get eigi neitað því, að mér virðist viðskilnaður þessa manns sérstaklega þegar litið er á athafnir hans rétt fyrir dauðann voðalegar og kristnum manni ósæmilegar, því ef ég segði annað, þá væri það hræsni, sem aldrei er viðeigandi og allra sízt á þessum stað, sem helgaður er hinum alskyggna guði. En þótt ég álíti svo, þá vil ég hvorki dæma þennan mann eður annan. Eins og ég vil eigi lofa hann, eins vil ég ekki heldur lasta hann, því guði einum eru kunnugar ástæður hans og skoðun hans eins og líka hann þekkti bezt allt hans líf, og honum tilherir því einum dómurinn. En mér er í vakanda minni áminning höfundar hinna upphaflega tilfærðu orða, þessi áminning: "Forðastu svoddan fíflsku grein - framliðins manns að lasta bein - sá dauði hefur sinn dóm með sér - hver helzt hann er - sem bezt haf gát á sjálfum þér." Er það eigi þörf áminning til vor allra, til mín og þín, kristni tilheyrandi. Allir höfum vér þörf á að vera sífelld á verði, því syndirnar og girndirnar sækja oss ótæpt heim; þær eru vakandi, þó vér sofum; það gjörir vort mannlega og breizka eðli. Vér vitum það, að það er margt í voru fari, þótt máske fyrir mönnum leynilegt sé, sem eigi þolir dóm hins réttláta guðs, og hví skyldum vér þá dæma óvægilega um aðra, þótt syndir þeirra hafi komið berlegar fram en vorar syndir. - Og þótt vér lítum aðeins á hin síðustu afdrif þessa manns, þá gætum þess, að vor eigin afdrif eru enn þá eigi séð. Að líkindum hefur það verið ein yfirsjón í byrjun, sem hefur verið undirrót þess, að hann tók til þeirra óyndisúrræða, sem hann gjörði og eins kann fyrir oss að fara, ef vér eigi athugum hvert sporið sem vér stígum, ef vér eigi

göngum leið vora með guð og hans boð fyrir augunum. Láttu þess vegna, kristinn maður, sem letrað standi á hjarta þínu þessi orð: "Sem bezt haf gát á sjálfum þér." - Það er yður alls eigi láandi, kristnu vinir, þótt þér lítið svo á, að þér hafið hér vont dæmi fyrir augunum. En farið þó vægilega í yðar dóm, en minnizt þess, ef þér á samvizkum yðar álítið þetta óviðurkvæmilegt, sem fram hefur komið, að til þess eru vondu dæmin, að varast þau, og látið því þetta eigi verða yður til hneykslunar heldur öfluga hvöt til þess að ganga lífsleið yðar í kristilegum dyggðum og sönnum guðsótta, svo að þér getið átt guð að á yðar dauðastundu, sem náðugan föður, því guðlegt líf og friðsælan dauða hefur guð sameinað. Hið síðara fæst eigi nema hið fyrrnefnda hafi á undan gengið. Þetta stendur fast og stöðugt: "Í drottni ef viltu deyja, drottni þá lifðu hér." Til hvortveggja þessa hjálpi oss því almáttugur og algóður guð.

En hvernig sem lífsleið vor verður, þegar hún verður skoðuð í einni heild og hvernig sem vor síðustu afdrif í heiminum verða, þá þykist ég vita, að þér allir, sem hér eruð viðstaddir, séuð hér nú viðstaddir með alvarlegum huga. Ég þykist vita, að enginn yðar geti skoðað þetta tilfelli á annan hátt. En hér eru og þeir við, sem líta eigi aðeins á það með alvarlegum heldur og með viðkvæmum huga. Það eru vinir og sérstaklega börn hins framliðna. Þeim getur eigi fremur en öðrum dulizt hið voðalega við fráfall hans, en hin barnslega rækt gjörir það að verkum, að hjörtu þeirra hljóta að finna harla sárt til. Það getur sérhver skilið, að þessi spor á eftir líkbörum föðursins séu þeim harla þung og erfið sorgarspor. Þar sem barnsleg rækt býr börnum í brjósti, geta þau eigi horft á föður eða móður örend án viðkvæmni og sorgar, og þeim mun síður, þá er dauða þeirra hefur borið jafn sviplega og hryllilega að höndum sem dauði þessa framliðna manns. En það er yður, sorgmæddu börn, mikilsverð huggun á þessari yðar hryggðar stund, að þér getið verið yður meðvitandi þess, að þér á engan hátt hafið verið valdandi hins hryggilega tilfellis, heldur þvert á móti hafið sýnt hinum framliðna föður þá rækt og virðingu, sem ætlast mátti til og þér sem börn hans voru skyldug honum um. Þér skuluð og byggja von yðar á drottins náð og treysta því, að þótt frelsunarvegur föður yðar sýnist máske fyrir mönnum lokaður, þá er hann það eigi fyrir guði þar fyrir. Því hér á við, það sem frelsari vor sagði: "Fyrir mönnum er þetta að vísu ómögulegt, en guði er enginn hlutur ómáttugur." Í valdi hans alvizku og algæzku geta staðið þau meðul og ráð, sem vér fáfróðir og vanmáttugir eigi þekkjum. Oss er bannað í trúarlærdómi vorum að örvænta um sáluhjálp nokkurs manns, og hví skyldi þá barn örvænta um sáluhjálp föður síns? Nei, vér viljum engir örvænta í þessu tilfelli, vér skulum þvert á móti allir treysta drottins náð og fyrirgefningu vegna Jesú Krists eins fyrir þennan bróður vorn eins og fyrir sjálfa oss. En vér viljum líka einnig biðja fyrir honum eins og vér biðjum fyrir sjálfum oss. Algóðu guð og faðir, vertu sálu þess framliðna náðugur. Tak þú á móti henni, tak þú á móti sálum vor allra í þinn kærleiksríka föðurfaðm hveru breizkar og brotlegar sem þær kunna að vera og útskúfa þeim eigi frá þínu dýrðarfulla

augliti. Láttu þær finna eilíft frelsi og óendanlegan frið [fyrir] Jesúm Krist í friðarhúsum þínum á hæðum. Já, vér segjum af hjarta framliðni bróðir:

Drottinn sé með þér.

Drottinn blessi þig og varðveiti þig

Drottinn láti ásjónu sína lýsa yfir þig og sé þér náðugur

Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.